

Mál nr. 93/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Sjúkdómatrygging.

Tilkynningarfrestur 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 23. mars 2022, ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf V, dags. 8. apríl 2022, ásamt tjonstilkynningu dags. 2. febrúar 2021 og sjúkraskrá á tímabilunum 1. maí 2017 til 31. maí 2019 og 1. maí 2019 og 11. febrúar 2021.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M tilkynnti V um bótakröfu sína í sjúkdómatryggingu með tjonstilkynningu dags. 2. febrúar 2021.

M telur sig eiga rétt til bóta úr sjúkdómatryggingu sinni hjá V. M telur að túlka eigi eins árs tilkynningarfrest í 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 með þeim hætti að upphaf ársfrestsins miðist við þegar sá sem hefur orðið fyrir tjóni hafi raunverulega gert sér grein fyrir að það hafi varanlegar afleiðingar fyrir hann. M vísar til niðurstöðu Landsréttar í dómi í máli réttarins nr. 482/2020 þar sem vitnað sé til dóma Hæstaréttar með sömu túlkun á ákvæðinu. M vísar til þess að hann hafi tilkynnt um tjón þegar hann byrjaði raunverulega að finna fyrir tjóni MS sjúkdómsins.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur að M hafi haft upplýsingar um greiningu og fræðslu um MS sjúkdóm hans hinn 15. desember 2017 og vísar um það í sjúkraskrá M þegar sem komi fram í færslu hjúkrunarfræðings að M hafi verið að fá greininguna MS. V telur að tilkynningarfrestur 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga hafi byrjað að líða þennan dag og hafi því verið liðinn einu ári síðar eða 15. desember 2018 og því liðinni þegar M tilkynnti tjón sitt til V 2. febrúar 2021. V vísar til 16. gr. váttryggingarskilmála sjúkdómatryggingar þar sem segir að váttryggður glati rétti til bóta ef hann tilkynnir V ekki um kröfu sína innan árs frá því að hann vissi um atvik sem hún er reist á. Einnig bendir V á að skýrlega komi fram í tjonstilkynningu M sjálfs og komunótu í sjúkraskrá á greining sjúkdóms hans hafi komið fram í desember 2017.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um hvort M hafi tilkynnt V um tjón sitt í sjúkdómatryggingu innan þess frests sem ann hafði frá því að hann vissi um atvik sem krafa hans er reist á, sbr. tilkynningarfrestur 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga sem vísað er til í 16. gr. váttryggingarskilmála fyrir sjúkdómatryggingu hjá V. Í bréfi V til M dags. 25. mars 2021 kemur fram að félagið hafi útvíkkað þann ársfrest sem tilgreindur er í þeim ákvæðum í tvö ár. Af þessari yfirlýsingu V verður ekki annað ráðið en að félagið telji að M hafi haft tvö ár frá því að hann vissi um atvik sem krafa hans er reist á til að tilkynna um tjón sitt.

Til þess að M geti vitað um atvik sem krafa hans er reist á verður að líta til þess hvenær váttryggingaratburður getur hafa orðið. Í fyrrnefndu bréfi V til M dags. 25. mars 2021 kemur fram tilvísun til váttryggingarskilmála sem gilda um sjúkdómatryggingu M og afrit þeirra var sent með bréfinu. Um er að ræða váttryggingarskilmála sem merktir eru „Skilmáli L-8“ og síðast í þeim segir „Skilmáli þessi gildir frá 1. júlí 2015“.

Í 11. gr. umræddra skilmála kemur fram eftirfarandi texti: *“Váttryggingaratburður telst einungis verða, ef váttryggður verður fyrir miska með því að greinast með einhvern eftirtalinna sjúkdóma, gengst undir einhverja þeirra aðgerða sem taldar eru upp, verður fyrir útlímamissi, lömum, blindu, málstoli eða hlýtur alvarlega áverka eða brunasár, skv. nánari skilgreiningu hér á eftir.”* Í texta sem þar fylgir eru síðan gerð grein fyrir ýmsum sjúkdómum.

V hefur samkvæmt þessu, í sínum stöðluðu samningsskilmálum, skilgreint váttryggingaratburð þannig að hann sé bundinn við að váttryggður verði fyrir miska með því að greinast með tiltekinn sjúkdóm, en skv. frekara orðalagi 11. gr. verður að ætla sjúkdómur M falli undir IV.flokk í greininni með heitinu tauga og hrönnunarsjúkdómar.

Í máli M er ljóst að upplýsingar í sjúkraskrá benda eindregið til þess að í kjölfar greiningar á sjóntaugabólgu M í júní 2017 hafi farið fram frekari rannsóknir sem leitt hafi til greiningar á MS sjúkdómi í lok árs 2017. Í tilkynningu M til V kemur einnig fram að dagsetning tjóns sé 15. maí 2017, en af sjúkraskrá verður hins vegar ekki ráðið að greining MS sjúkdóms hafi verið komin fram þá heldur í fyrsta lagi seinna á árinu.

Krafa M um bætur úr sjúkdómatryggingu sinni kom fram 2. febrúar 2021. Við túlkun á því hvenær M vissi um atvik sem krafa hans er reist á, sbr. orðalag 16. gr. váttryggingarskilmála og 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga, verður að líta til þess að váttryggingarburður telst eins og áður segir, skv. 11. gr. sömu skilmála verða „...ef váttryggður verður fyrir miska með því að greinast með einhvern eftirtalinnna sjúkdóma...“ Í dómi Landsréttar í máli nr. 482/2020 snerist ágreiningur hins vegar um bótakröfu vegna varanlegrar örorku og og skilgreiningar á því hugtaki og er því ekki að öllu leyti sambærilegur við málsatvik í þessu máli, frekar en önnur dómaframkvæmd Hæstaréttar varðandi túlkun á tilkynningarfresti skv. 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga.

Í lækisfræðilegum gögnum málsins verður ekki fyllilega ráðið hvort M hafi orðið fyrir miska strax við greiningu MS sjúkdóms á árinu 2017, ekki verður heldur með nægri vissu ráðið að miski hafi komið fram á árunum fram til 2. febrúar 2019, en það er sú dagsetning sem verður að líta til við upphaf tveggja ára frests sem V hefur skv. yfirlýsingu félagsins í bréfi til M dags. 25. mars 2021, lagt til grundvallar varðandi tilkynningar um tjón í sjúkdómatryggingu félagsins. Í færslu lækis Landspítala Háskólasjúkrahúss frá 20. janúar 2020 kemur fram að undanfarið hafi M verið slappari en ekki sé um að ræða ný „focal“ einkenni.

Af þessum gögnum verður ekki ráðið með vissu að M hafi orðið fyrir miska með greiningu MS sjúkdóms fyrir 2. febrúar 2019 en þá voru tvö ár fram að þeim degi sem M sendi tilkynningu um tjón sitt til V. Sá tveggja ára frestur sem V hefur lýst yfir að M hafi haft frá því að hann vitað um atvik sem krafa hans er reist á miðast við að M hafi vitað um að hann hafi orðið fyrir miska með því að greinast með MS-sjúkdóm. Vafi um þann nákvæma tímapiunkt verður ekki túlkaður M í óhag.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr sjúkdómatryggingu hjá V.

Reykjavík, 24. maí 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Guðmundur Stefán Martinsson